

ÚRSKURÐUR

Áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 1/1998

Jörundur Guðmundsson fyrir hönd
Tívolí U.K. og Sirkus Arena

gegn

samkeppnisráði

I.

Með bréfi dags. 8. janúar 1998, er barst áfrýjunarnefnd 9. janúar s.á., hefur Sigurður I. Halldórsson, hdl., fyrir hönd Jörundar Guðmundssonar vegna Tívolí U.K. og Sirkus Arena kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 48/1997](#) frá 11. desember 1997. Í ákvörðuninni kemur fram að samkeppnisráð telji ekki ástæðu til þess að hafast nokkuð að í málinu þar sem að starfsemi viðkomandi sirkusa á þeim markaði sem um ræðir hafi ekki verið í beinni samkeppni.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefndin svari því hvort það teljist réttmætir viðskiptahættir gagnvart áfrýjanda að undanþiggja samkeppnisaðila greiðslu á skemmtana- og virðisaukaskatti og hvort yfirlýsing vegna fjármála Listahátíðar 1996, dags. 7. júní 1996, teljist ólögmet takmörkun á samkeppni af hálfu stjórnvalda.

Samkeppnisráð krefst þess að ákvörðun nr. 48/1997 frá 11. desember 1997 verði staðfest.

II.

Málavextir eru þeir að áfrýjandi hefur sem umboðsmaður fengið hingað til lands sirkusa og tívolí á undanförunum árum. Árið 1994 kom hingað til lands kínverskur sirkus, en ekki hefur komið fram á hvers vegum hann var hér. Á Listahátíð 1996 kom hingað til lands belgíski sirkusinn Ronaldo.

Með yfirlýsingu dags. 7. júní 1996 féllust fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík á að greiða öll opinber gjöld og skatta sem lögð yrðu á Listahátíð.

Áfrýjandi leitaði til fjármálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis til að afla upplýsinga um greiðslu hliðstæðra aðila á skemmtana- og virðisaukaskatti.

Með bréfi, dags. 8. október 1997, leitaði lögmaður áfrýjanda eftir álit samkeppnisyfirvalda á fyrrgreindri yfirlýsingu um fjármál Listahátíðar í Reykjavík 1996.

Á fundi samkeppnisráðs 11. desember 1997 var tekin ákvörðun vegna fyrrgreindrar fyrirspurnar áfrýjanda. Ákvörðun ráðsins er nr. 48/1997. Í niðurstöðu ákvörðunarinnar segir m.a.:

„Það er mat samkeppnisráðs að starfsemi þessara sirkusa á þeim markaði sem um ræðir, hafi ekki verið í beinni samkeppni, eins og kvartandi heldur fram, þar sem sýningar voru á mismunandi tímum...“

Í ákvörðunarorðum segir:

„Samkeppnisráð telur ekki ástæðu til þess að hafast nokkuð að í þessu máli.“

Mál þetta hefur verið flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

III.

Áfrýjandi telur sig eiga lögvarða hagsmuni til þess að fá svör við þeim spurningum sem hann lagði fyrir Samkeppnisstofnun en beinir nú til áfrýjunarnefndar. Með vísun til meginreglna 1. og 5. gr. samkeppnislaga telur áfrýjandi sig eiga rétt á rökstuddu og efnislegu svari við þeim fyrrgreindum spurningum.

Bent er á að samkeppnisráð fjalli eingöngu um rekstur Sirkus Arena en ekki um Tívolí U.K. sem rekið hafi verið á sama tíma og Sirkus Ronaldo. Áfrýjandi kveður rekstur Tívolís U.K. hafi verið hliðstæðan rekstri Sirkus Ronaldo um flest er lýtur að álagningu og innheimtu skemmtana- og virðisaukaskatts.

Samkeppnisráð bendir á að þær aðgerðir sem unnt sé að grípa til vegna ráðstafana opinberra aðila séu annars vegar bindandi ákvörðun skv. 17. gr. samkeppnislaga ef aðgerðir stjórnvalds byggja ekki á skýrri laga heimild. Hins

vegar ef heimild er fyrir hendi komi til greina að beina álitni til viðkomandi stjórnvalds á grundvelli 19. og 5. gr. samkeppnislaga. Til að hægt sé að grípa til þessara ráðstafana verði að sýna fram á röskun á samkeppni en það telur samkeppnisráð að áfrýjandi hafi ekki gert.

Bent er á að samkeppni geti aðeins átt sér stað á tilteknum markaði og að skilgreina megi markaði út frá þremur sjónarhornum, þ.e. vöru- eða þjónustumarkaði, landfræðilegum markaði og tímamarkaði. Að því er varðar kvörtun áfrýjanda vegna Sirkus Arena er bent á að fjölleikahús þessi hafi aldrei starfað á sama tíma hér á landi og hafi því ekki verið á sama tímamarkaði. Niðurfelling á opinberum gjöldum hafi því ekki haft áhrif á samkeppnisstöðu Sirkus Arena.

Hvað viðkemur rekstri Tívolí U.K. bendir samkeppnisráð á að sú þjónusta sem veitt sé í ferðatívolíum sé af öðrum toga en í fjölleikahúsum. Að mati samkeppnisráðs er með öllu vafasamt hvort rekstur fjölleikahúsa tilheyri sama þjónustumarkaði og rekstur tívolía. Auk þess hafi Tívolí U.K. ekki verið rekið á sama tíma og Sirkus Ronaldo og því hafi skattaundanþága til handa sirkusnum ekki haft áhrif á samkeppnisstöðu Tívolí U.K.

Í seinni greinargerð áfrýjanda er því mótmælt að fjölleikahús og ferðatívolí keppi ekki á sama markaði. Um sé að ræða rekstur á mjög hliðstæðu sviði sem höfði til sömu neytenda.

Þá bendir áfrýjandi á að þótt sýningar þessara aðila hafi ekki verið á sömu dögum séu slíkir viðburðir auglýstir með margra vikna fyrirvara.

Niðurstöður.

Í kvörtun áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar, dags. 8. október 1997, sem liggur til grundvallar hinni kærðu ákvörðun, kemur skýrt fram að óskað sé eftir afskiptum samkeppnisyfirvalda vegna meintra brota opinberra aðila gegn tveimur erlendum fyrirtækjum, Tívolí U.K. og Sirkus Arena. Í hinni kærðu ákvörðun er hins vegar einvörðungu fjallað um réttarstöðu annars fyrirtækisins, Sirkus Arena, en látið ógetið um meint brot gagnvart hinu þ.e. Tívolí U.K. Við meðferð máls þessa hjá áfrýjunarnefnd hefur samkeppnisráð fært fram rök fyrir fyrrgreindri málsmeðferð.

Hafa verður í huga þá meginreglu í stjórnsýslurétti að aðilar eigi rétt á að fá stjórnvaldsákvarðanir endurskoðaðar hjá æðra stjórnvaldi. Í þessu tilviki getur annar aðili málsins, Tívolí U.K., ekki notið þess réttar þar sem lægra stjórnvald hefur ekki fjallað um mál hans. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki

hjá því komist að leggja fyrir samkeppnisráð að taka málið til meðferðar að nýju.

V.

Úrskurðarorð.

Lagt er fyrir samkeppnisráð að taka málið til meðferðar að nýju.

Reykjavík, 18. febrúar 1998

Páll Sigurðsson

Kirstín Flygenring

Þórunn Guðmundsdóttir